Nr. 1.
5. jan.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 5. janúar 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Sigurður Jónsson

Nr. 2.
16. apríl

Tilskipun

um

að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Bandaríkja Norður-Ameríku.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að með því að þeim, sem á Íslandi reka verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verslun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum í Bandaríkjum Norður-Ameríku eins og eigin þegnum, þá viljum Vjer samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í 15. gr. laga um vörumerki 13. nóv. 1903, skipa svo fyrir sem hjer segir:

Þeir, sem í Bandaríkjum Norður-Ameríku reka verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verslun eða aðra atvinnu, skulu verða þeirrar verndar á vörumerkjum, sem lög 13. nóv. 1903 heimila, aðnjótandi með þeim skilyrðum, er hjer greinir:

1. Tilkynningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í Bandaríkjum Norður-Ameríku fyrir því, að vörumerkið njóti þar verndar.

2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sje varnarþing hans í öllum málum viðvíkjandi vörumerkjum og tilnefna umboðsmann búsettan á Íslandi, er taki á móti málssókn fyrir hans hönd. Nr. 2. 16. apríl
3. Vörumerkið skal ekki njóta víðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma en í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
4. Vörumerkið skal skrásetja í þeirri mynd, sem löggilt er í Bandaríkjum Norður-Ameríku, nema gagnstætt sje velsæmi og alsherjarreglu.
5. Nú er vörumerki tilkynt til skrásetningar á Íslandi í síðasta lagi 4 mánuðum eftir að það hefir verið tilkynt í Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skal þá gagnvart öðrum tilkynningum telja, að þessi tilkynning hafi fram farið um leið og tilkynningin fer fram í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
6. Nú er synjað um skrásetning samkvæmt 5. gr. nr. 5. framan nefndra laga 13. nóv. 1903, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem áður hefir tilkynt merkið og fengið það skrásett, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta, en að hinn hafi síðar tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rjett til að fá merkið skrásett með einkarjetti, til að nota það á þær vörutegundir, sem hann notaði merkið á þegar vernd komst á í báðum löndunum, en höfða skal hann þá mál út af þessu innan 6 mánaða frá því verndin komst á Þetta skerðir þó að engu leyti rjett þann, sem heimilaður er í 11. gr. 3. málsgrein nefndra laga.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 16. apríl 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.).

Sigurður Jónsson.